

Fundur stjórnar foreldrafélagsins 14. apríl 2015

Mættir: Ásmundur, Bergþór, Sólbjört, Selma Sól, Inga Eypórs, Anna Lísa, Ægir Breiðfjörð, Ólafur, Áskell, Guðrún, Ásdís sem ritaði fundargerð og Emil sem stjórnaði fundi.

1. Sumardagurinn fyrsti – drög að dagskrá:

- Hlaup, skipt í yngri og eldri.
 - Verðlaun, medalíur ?
 - Grilla pylsur
 - Sund
- Búið að tala við Vigni. Hann hefur ekki leyfi til að gefa frítt í sund. Emil sendi póst á bæjarstjóra, ekki komið svar. Spurning um að fá frítt fyrir börn, foreldrar borga. Emil athugar það.
- Áskell athugaði með medalíur. Þær kosta 330 krónur stk með áletrun. Þótti og dýrt, sleppa því.
- Spurning um viðurkenningu á pappír. Ákveðið að sleppa því líka og hafa bara pylsur og svala og vonandi sundferð í verðlaun. (Börn á ábyrgð foreldra).
- Ákveðið að hafa hlaupið á íþróttavellinum. 1.-3. bekkur hlaupa saman einn hring. 4.-6. bekkur hlaupa saman einn hring. 7. bekkur og eldri hlaupa saman tvo hringi.
- Þarf að versla í Bónus pylsur, brauð, álegg, svala, servéttur og kol. Versla ríflega og fá að skila rest. Athuga hvort Helga og Davíð geti gengið í það verk.
- Ákveðið að grilla við skólann.
- Þarf að fá bekki, grill og ruslatunnur hjá bæjarstarfsmönnum. Bergþór athugar það. Hann og Ásmundur geta sótt bekki kvöldið áður ef þarf.
- Útbúa og senda auglýsingu. Ásdís gerir það.
- Hlaupið hefst kl. 11:00. Vonandi geta sem flestir úr foreldrafélaginu mætt, mæting upp úr 10.

- ### 2. Öskudagurinn:
- Innkoma eftir öskudaginn var 79.550.- Kostnaður var 40.000.- í hlóðkerfi og DJ. Það voru u.þ.b. 130 krakkar í göngunni. Höfum ekki tölu yfir þá sem voru í íþróttahúsi. Fyrir næsta ár væri gott að hafa samband við fleiri fyrirtæki á gönguleiðinni. Sigurður Ágústsson vilja t.d. vera með og Sigga í Leir 7 opnaði inn til sín en ekkert var talað við hana. Ákveðið var að styrkja 5. og 7. bekk um 1500.- kr. per barn upp í menningar- og skíðaferð. Afgangur var af sleikjóum og ákveðið að gefa þá í 1. bekk. Annar afgangur af nammi var gefinn til skólans vegna „litla öskudagsins“ sem haldinn var vegna mikilla veikinda á öskudaginn sjálfan.

Fundi slitið – líklega síðasti fundur vetrar